

Miðvikudaginn 30. september 1959.

Nr. 126/1959. Þórir Jónsson,
Ólafur Ólafsson

og

Haraldur Thorlacius

gegn

Hildi Jóhannesdóttur

og

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar.

Dómdendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Kærumál. Frestun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðs-dóms um málskostnað með kæru 15. júní þ. á., sem barst dóminum 20. júlí s. á.

Varnaraðili borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu, dags. 10. september 1959, til þingfestingar í nóvembermánuði nk. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framansögðu.
